# FRÉTTABLAÐIÐ

97. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 26. APRÍL 2016


# Upplýstu ekki um aflandsfélög

**Framkvæmdastjórar lífeyrissjóða og áhrifamenn í Framsóknarflokknum eru meðal þeirra sem finna má í Panama-skjölunum. Enginn af þingmönnum Framsóknarflokksins vill tjá sig um málið.**

**VIÐSKIPTI** Nöfn Finns Ingólfssonar, fyrrverandi Seðlabankastjóra og ráðherra, Hrólfs Ölvissonar, framkvæmdastjóra Framsóknarflokksins, og Helga S. Guðmundssonar, fyrrverandi formanns bankaráðs Seðlabankans, er að finna í Panama-skjölunum svokölluðu. Mennirnir þrír eiga það allir sameiginlegt að hafa verið áhrifamenn í Framsóknarflokknum. Þetta kom fram í umfjöllun Kastljóss og Reykjavík Media sem sýnd var á RÚV í gærkvöldi.

Í þættinum kom fram að lesa má úr skjölunum að félag Finns og Helga, sem skráð var í Panama, keypti hlut í Landsbankanum með fé sem fengið var að láni hjá bankanum. Þau viðskipti áttu sér stað árið 2007.

Í þættinum var einnig greint frá fjölda félaga í eigu Hrólfs Ölvissonar. Hrólfur stóð meðal annars í viðskiptum tengdum BM Vallá en Víglundur Þorsteinsson, fyrrverandi eigandi fyrirtækisins, hefur ítrekað sagt að þar hafi lög verið brotin. Í svari við fyrirspurn Kastljóss sagði Hrólfur að hann hafi upplýst Sigmund Davíð Gunnlaugsson, formann flokksins, um viðskiptin. Málið hefur meðal annars verið gagnrýnt af þingmönnum flokksins.

Ítrekað var reynt að ná sambandi við alla þingmenn Framsóknarflokksins til að ná af þeim tali vegna umfjöllunar Kastljóss. Einungis náðist í fjóra þingflokksmenn, en þeir vildu ekki tjá sig um málið.

Í umfjölluninni í gærkvöldi komu einnig fram tengsl tveggja framkvæmdastjóra lífeyrissjóða við aflandsfélög. Kári Arnór Kárason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins Stapa, sem sagði af sér síðastliðinn laugardag, var skráður eigandi og prókúruhafi aflandsfélagsins Utvortis Ltd. sem skráð var á Bresku Jómfrúaeyjum í árslok 2004. Auk þess var honum veitt fullt og óskorað umboð af félaginu Hola Holding í Lúxemborg. Árið 1997 tóku gildi ný lög sem skylduðu Kára til að upplýsa stjórn lífeyrissjóðsins um kaup sín á félögunum. Hann tilkynnti þó ekki stjórn lífeyrissjóðsins um þessi viðskipti.

> Eins og ég þekki málið þá var aldrei gert eitt né neitt með þessi félög, ég hef ekki skoðun á því, en við eigum eftir að ræða það.
>
> Jón Bjarni Gunnarsson, formaður stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins



Kristján Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sameinaða lífeyrissjóðsins, var einnig nefndur í þættinum en hann tilkynnti heldur ekki stjórn lífeyrissjóðsins um tvö aflandsfélög sem hann var skráður fyrir. Fréttastofa reyndi að ná tali af Kristjáni Erni en án árangurs.

Jón Bjarni Gunnarsson, formaður stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins, segir að staða Kristjáns Arnar verði rædd á stjórnarfundi á morgun. „Eins og ég þekki málið þá var aldrei gert eitt né neitt með þessi félög, ég hef ekki skoðun á því, en við eigum eftir að ræða það,“ segir hann.

Einnig kom fram að Vilhjálmur Þorsteinsson, fyrrverandi gjaldkeri Samfylkingarinnar, hafi átt aflandsfélag í skattaskjóli þrátt fyrir að hafa ítrekað neitað því í fjölmiðlum. Hann hefur nú sagt upp sem gjaldkeri og dregið sig út sem hluthafi í vefmiðlinum Kjarnanum. – sg




**Kominn tími á sólarvörn** Margir nutu vorsólarinnar í gær eins og þessir herramenn í Laugardalslauginni. Veðurfræðingur Veðurstofunnar ítrekar þó að mikilvægt sé að nota sólarvörn því íslenska húðin komi ekki vel undan vetri og sé viðkvæm. Hættan liggi í kalda loftinu því þá verði maður síður var við brunann. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Aðdáendur í miklu uppnámi

**LÍFIÐ** Söngkonan Beyoncé gaf óvænt út plötu um helgina í kjölfar frumsýningar hennar á myndinni Lemonade á sjónvarpsstöðinni HBO.

Aðdáendur söngkonunnar brugðust ókvæða við textum á plötunni sem virðast fjalla um framhjáhald eiginmanns hennar, rapparans Jay-Z, og réðust gegn meintu viðhaldi, fatahönnuðinum Rachel Roy á Instagram. Sumir þeirra rugluðust þó á fatahönnuðinum og sjónvarpskokkinum Rachael Ray. Fréttablaðið ákvað að skoða málið nánar.



– sþh / sjá síðu 24

## Fréttablaðið í dag


**FRÉTTIR** Á árunum 2001 til 2014 hefur Edda Björk Gunnarsdóttir þrisvar veikst af krabbameini. Hún segir kostnaðinn meiri í dag og þjónustuna verri. 8-9



**SKOÐUN** Rannsaka á aflandsfélögin, skrifar Katrín Jakobsdóttir. 14

**SPORT** David Moyes segir margt hægt að læra af Íslandi. 16

**LÍFIÐ** Dagný Fjóla Ómarsdóttir skemmti sér vel í Lundúnamaraþoninu. 26

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Áfram nokkuð svöl norðlæg átt í dag og víða bjart, en dálítil él norðaustantil í kvöld. SJÁ SÍÐU 20



**Fjárveitingar til flóttamanna ríflega tvöfölduðust milli ára.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Ísland undir meðaltali OECD

**EFNAHAGSMÁL** Þróunaraðstoð í heiminum nam 131,6 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði 16.400 milljarða íslenskra króna á síðasta ári. Heildarfjárhæðin hækkaði um 6,9 prósent á milli ára, og fjármunir sem varið var í málefni flóttamanna ríflega tvöfölduðust milli ára og námu 12 milljörðum Bandaríkjadala, 1.500 milljörðum króna. Þetta kemur fram í nýjustu tölum Þróunarsamvinnunefndar efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD (DAC). Ísland, sem tilheyrir DAC-nefndinni, varði lægri fjárhæð til þróunarmála en nemur meðaltali OECD-ríkja.

Opinber þróunaraðstoð frá 28 löndum sem tilheyra DAC nam að meðaltali 0,3 prósentum af vergri landsframleiðslu, sem var sama hlutfall og árið áður. Íslendingar vörðu hins vegar einungis 0,24 prósentum af vergri landsframleiðslu til þróunarmála árið 2015.

Aðstoð til fátækustu ríkja heims jókst um fjögur prósent milli ára. Fjárveitingar til þróunaraðstoðar jukust í 22 af 28 löndum og hækkuðu mest í Grikklandi, Svíþjóð og Þýskalandi. Mesti niðurskurður í þróunaraðstoð var í Portúgal og Ástralíu.

Einungis sex af löndunum 28, Danmörk, Lúxemborg, Holland, Noregur, Svíþjóð og Bretland, náðu markmiði Sameinuðu þjóðanna um að verja 0,7 prósentum af árlegri vergri landsframleiðslu til þróunaraðstoðar. – sg

# Forstjóri hlustar á ráðherrann



**Fjármagn tryggt** Ársfundur Landspítalans var haldinn í gær. Í ávarpi Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra kom fram að fjármagn til að bjóða út nýjan meðferðarkjarna, sem rísa mun á lóð spítalans við Hringbraut, er tryggt í fimm ára fjármálaáætlun ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ítreka erfiðleika við kaup á íbúð

**EFNAHAGSMÁL** Í dag er staðan sú að sjaldan hefur verið erfiðara fyrir ungt fólk að eignast sína fyrstu fasteign að bóluárunum undanskildum. Þetta kemur fram í nýju efnahagsyfirliti VR.

Í yfirlitinu segir að greiningar á fasteignamarkaði sem sýni að ekki sé erfiðara að eignast sína fyrstu eign í dag en það var fyrir fimmtán til tuttugu árum, styðjist við gögn sem gefi ranga mynd af því hversu erfitt sé fyrir ungt fólk að eignast íbúð í dag.

Hlutfall verðs í fjölbýli og útborgaðra árslauna fólks á aldrinum 25-34 ára er til að mynda nú litlu lægra en það var 2005 en það er mesta bóluár sögunnar á fasteignamarkaði. Auk þess torveldi aðrir þættir svo sem hátt leiguverð ungu fólki að safna fyrir útborgun sinnar fyrstu íbúðar. – sg

# Landvernd sögð spilla fyrir með kæru á hótel

**Formaður Landverndar neitar ásökunum sveitarstjórnar Hrunamannahrepps um að verið sé að valda sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum tjóni með kæru vegna nýs hótels í Kerlingarfjöllum. Það þurfi einfaldlega að vinna málið betur.**

**UMHVERFISMÁL** „Sveitarstjórn lýsir yfir miklum vonbrigðum með framkomu Landverndar í þessu máli," segir sveitarstjórn Hrunamannahrepps um kæru Landverndar vegna hótels í Kerlingarfjöllum.

Um er að ræða hótel Fannborgar ehf. í Ásgarði í Kerlingarfjöllum. Í hótelinu, sem reisa á í þremur áföngum, verða 120 tveggja manna herbergi. Á móti á að grisja í skálaþyrpingu Fannborgar svo þar verði svefnpláss fyrir 102 gesti í stað 177. Á endanum verði hægt að hýsa 342 gesti.

Landvernd kærði í ágúst í fyrra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þá ákvörðun Skipulagsstofnunar að heildaruppbygging hálendismiðstöðvarinnar í Kerlingarfjöllum skyldi háð mati á umhverfisáhrifum en að heimilt væri að reisa fyrsta áfangann án umhverfismats.

„Það er mjög bjánalegt að sleppa þeim með fyrsta áfangann en að síðan eigi að umhverfismeta seinni tvo. Þá eru þeir komnir af stað með þessa byggingu og þá verður mjög erfitt að hætta við. Okkur finnst þetta vera það fordæmisgefandi mál að það þurfi að gera þetta almennilega frá A til Ö," segir Snorri Baldursson, formaður Landverndar.

Eftir að Landvernd varð þess áskynja nú í febrúar að framkvæmdir við hótelið væru hafnar og að Hrunamannahreppur hefði gefið út byggingarleyfi var gerð krafa um stöðvun framkvæmda og útgáfa byggingarleyfisins var kærð.

„Framkomin kæra Landverndar virðist vera til þess eins fallin að valda sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum á svæðinu tjóni þótt mál séu þar unnin í samræmi við svæðisskipulag miðhálendisins, landsskipulagsstefnu, aðalskipulag Hrunamannahrepps, deiliskipulag svæðisins, lóðaleigusamninga, sem gilda varðandi starfsemi svæðisins, og úrskurð Skipulagsstofnunar varðandi matsskyldu framkvæmda," segir sveitarstjórn Hrunamannahrepps.

„Alls ekki," svarar Snorri aðspurður hvort ætlun Landverndar sé að bregða fæti fyrir ferðaþjónustu í Hrunamannahreppi og sveitarfélagið sjálft. „En við þurfum að nota þau úrræði sem við höfum."

gar@frettabladid.is



**Fannborg ehf. bætir 120 tveggja manna hótelherbergjum við í Kerlingarfjöllum en fækkar gistirýmum í eldri skálum úr 177 í 102.** NORDICPHOTOS/GETTY

> **Það er mjög bjánalegt að sleppa þeim með fyrsta áfangann en að síðan eigi að umhverfismeta seinni tvo.**
>
> Snorri Baldursson, formaður Landverndar






TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# BÍLADEKURDAGAR

**Sértilboð á smurþjónustu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota til 30. apríl.**




## 20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva, frostlegi og fleiru.*

## 15% afsláttur

af vinnu við smurningu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

## Engin vandamál - bara lausnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460-4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480-8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420-6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540-4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440-8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440-8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum | 481-1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455-4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470-5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421-6901 |

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, bílaperur, rúðuvökvi og frostlögur (afsláttur gildir eingöngu með vinnusölu).

# Óhefðbundin loðnuvertíð skilar um nítján milljörðum króna

**SJÁVARÚTVEGUR** Reiknað er með að nýafstaðin loðnuvertíð geti skilað um nítján milljörðum í útflutningsverðmætum sem er mun minna en vertíðin á undan skilaði. Íslensk skip veiddu aðeins um 100 þúsund tonn en erlend skip 73 þúsund tonn.

Þetta kemur fram á heimasíðu Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Þar segir að vegna takmarkaðra aflaheimilda hófu íslensk skip veiðar seint eða um það leyti sem Japansfrysting og hrognavinnsla gat hafist. Það voru hins vegar erlend skip sem lögðu stund á veiðarnar á fyrri hluta vertíðarinnar en mörg þeirra lönduðu afla sínum hér á landi. Var það mikilvæg búbót fyrir íslensku vinnslufyrirtækin, segir í fréttinni.

Alls var úthlutað 390 þúsund tonnum til íslenskra skipa á vertíðinni 2015 og var gert ráð fyrir að verðmæti loðnunnar á þeirri vertíð næmu 27 milljörðum króna. Á vertíðinni 2014 var einungis úthlutað rúmlega 127 þúsund tonnum til íslenskra loðnuskipa, og eru vertíðirnar þrjár á síðustu árum til marks um hve sveiflukenndar loðnuvertíðir síðustu ára hafa verið.

Alls tók Síldarvinnslan á móti 43.368 tonnum af loðnu á vertíðinni þegar sjófryst loðna er meðtalin. Eru það mikil viðbrigði frá vertíðinni 2015 þegar fyrirtækið tók á móti 138.230 tonnum, en á vertíðinni 2014 var móttekið hráefni hins vegar um 45 þúsund tonn.

Öll loðna var veidd til manneldisvinnslu á vertíðinni en nútíma fiskiðjuver sem framleiða frysta loðnu og loðnuhrogn til manneldis afkasta álíka miklu og öflugar fiskimjölsverksmiðjur gerðu fyrir nokkrum árum. Er þessi breyting á nýtingu loðnunnar gott dæmi um þá þróun sem átt hefur sér stað í íslenskum sjávarútvegi, er bent á í fréttinni. **– shá**



**Nýtt skip Síldarvinnslunnar, Beitir NK, reyndist vel á fyrstu vertíð.** MYND/KSH


**Áverkar eru um allan líkama mannsins.**


**Leiðin upp í Fálkafell ofan Akureyrar er fáfarin og grýtt jeppaslóð.** FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN



**Mikið blæddi úr stungusári á kálfa fórnarlambsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN

# Stunginn og skilinn eftir í blóði sínu

## Lögreglan á Akureyri rannsakar grófa líkamsárás. Maður á fertugsaldri fannst í Glerárdal eftir að hafa verið fluttur þangað nauðugur, með mikla áverka og búinn að missa á annan lítra af blóði. Talið er að þrír til fjórir hafi verið að verki. Einn maður er í gæsluvarðhaldi.

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fertugsaldri varð fyrir grófri líkamsárás á laugardagsmorgun við heimahús á Akureyri.

Maðurinn segir að ráðist hafi verið á sig með barefli og eggvopni og hann fluttur meðvitundarlaus upp á Glerárdal ofan við Akureyri. Þar fannst hann með mikla áverka og búinn að missa á annan lítra af blóði. Var hann fluttur rænulítill á sjúkrahús.

Ekki er nákvæmlega vitað hversu margir voru að verki en sá sem talinn er hafa veist að manninum með eggvopni á laugardagsmorgninum var handtekinn fljótlega og situr hann nú í gæsluvarðhaldi til föstudags, til að tryggja rannsóknarhagsmuni vegna líkamsárásarinnar. Talið er að tveir til þrír aðrir hafi aðstoðað við að flytja manninn særðan upp fyrir bæinn úr alfaraleið.

„Ég var bara í heitum potti á sólpalli á Akureyri þegar ég er laminn í hnakkann og svo er ég stunginn í tvígang og höndin á mér brotin,“ segir þolandi árásarinnar síðastliðinn laugardagsmorgun. „Svo man ég bara eftir mér hérna upp frá á leiðinni upp í Fálkafell. Ég hefði aldrei komist hingað einn míns liðs með þessa áverka sem ég var með.“ Hann var meðal annars með áverka á baki eftir að hafa verið dreginn á sólpallinum meðvitundarlaus og með skófar á enni eftir árásina, lemstraður um allan líkama, tvö stungusár og brotna hönd.

Guðmundur Svanlaugsson, rannsóknarlögreglumaður á Akureyri, segir rannsókn málsins miða vel. Líklegt er að manninum sem situr í gæsluvarðhaldinu verði sleppt fyrir föstudag.

„Við fengum tilkynningu um að maður hefði slasast á gönguleið upp í Fálkafell á laugardagsmorgun. Það voru göngumenn sem komu auga á manninn. Síðan reyndist svo ekki vera enda var hann fluttur nauðugur upp eftir. Stuttu seinna handtókum við meintan árásarmann, tókum af honum skýrslu og í kjölfarið var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald til föstudags,“ segir Guðmundur.

„Enn erum við að rannsaka nákvæma málavöxtu en rannsókn miðar vel. Allt eru þetta einstaklingar sem við þekkjum til og hafa komið við sögu hjá okkur áður.“ **sveinn@frettabladid.is**

> **Ég var bara í heitum potti á sólpalli á Akureyri þegar ég er laminn í hnakkann og svo er ég stunginn í tvígang og höndin á mér brotin.**
>
> Meint fórnarlamb líkamsárásar





RENAULT
Passion for life
Mest seldu sendibílar Evrópu í 18 ár
KANGOO
TRAFIC
MASTER
KÍKTU Í KAFFI OG REYNSLUAKTU
Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault sendibíl og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í nýjan Renault.
RENAULT KANGOO, DÍSIL
1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL
Verð: 2.411.000 kr. án vsk.
2.990.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 4,3 l/100 km*
RENAULT TRAFIC, DÍSIL
1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL
Verð frá: 3.379.000 kr. án vsk.
4.190.000 kr. m. vsk.
Eyðsla frá 6,5 l/100 km*
RENAULT MASTER, DÍSIL
2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL
Verð frá: 3.992.000 kr. án vsk.
4.950.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 7,8 l/100 km*
www.renault.is
ENNEMM / SÍA / NM73205
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

Fyrirlestur á ensku: Christopher Vasey

**Að uppgötva okkur sjálf - frá heila til anda**

*Samkvæmt Gralsboðskapnum*




Miðvikudaginn 27. apríl 2016 kl. 20:00

Norræna húsinu
Sturlugötu 5, 101 Reykjavík

Aðgangseyrir 500,– kr.

Skipuleggjandi: GRAL-NORDEN
www.gralsbodskapur.org

vasey-leuze@gral-norden.net
Sími: 842 2552







Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 27. apríl nk., kl. 16.00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.

Dagskrá

1. Almenn ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og rétthafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík 8. apríl 2016
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Hægt verður að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefsíðu sjóðsins, **lifeyrir.is**

Ársskýrslu 2015 má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á **lifeyrir.is**

ENNEMM / SÍA / NM74708

Sundagörðum 2
104 Reykjavík
510 5000
lifeyrir.is

Sameinaði lífeyrissjóðurinn

## Lestarstöð í Brussel opnuð á ný




**Maalbaek-lestarstöðin í Brussel var opnuð á ný í gær, mánuði eftir hryðjuverkin sem kostuðu rúmlega þrjátíu manns lífið. Á myndinni sést fólk virða fyrir sér myndir af þeim sem létu lífið.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sádi-Arabía hyggst verða óháð olíusölu

**Ætla að hrista af sér afturhaldsímyndina, opna landið fyrir ferðafólki og selja olíufyrirtækið Aramco, sem er öflugasta olíufyrirtæki heims. Í staðinn fyrir olíu er stefnt að því að fjárfestingar knýi áfram hagkerfið og fylli ríkiskassann.**

**SÁDI-ARABÍA** „Frá árinu 2020 getum við lifað án olíu,“ sagði Mohammed bin Salman, prins í Sádi-Arabíu, í viðtali við sádiarabísku sjónvarpsfréttastöðina Al Arabiya.

Hann kynnti þar nýja og harla róttæka efnahagsáætlun stjórnar landsins, þar sem ótrautt er stefnt að því að gera Sádi-Arabíu óháða olíuútflutningi. Meðal annars stendur til að selja ríkisolíufyrirtækið Aramco, sem er stærsta olíufyrirtæki heims og talið verðmætasta fyrirtæki heims.

Salman segist telja að fyrirtækið verði metið á 2.500 milljarða dala þegar það fer í sölu.

Hann sagði einnig að Sádi-Arabía ætlaði að hrista af sér afturhaldsímyndina og opna landið fyrir ferðafólki frá öllum heimshornum. Til þessa hafa einungis pílagrímar fengið vegabréfsáritun sem ferðamenn til Sádi-Arabíu.

Olíuverð hefur hríðlækkað á heimsmarkaði síðustu misserin.

> **Frá árinu 2020 getum við lifað án olíu**
>
> Mohammad bin Salman prins



Olíutunnan kostar nú rúma 43 dali en hafði kostað í kringum hundrað dali í nokkur ár.

Þetta verðhrun hefur bitnað á olíuframleiðsluríkjum eins og Sádi-Arabíu, en um það bil sjötíu til áttatíu prósent af tekjum Sádi-Arabíu hafa komið frá olíusölu.

Stjórnvöld í Sádi-Arabíu hafa fyrir vikið þurft að grípa til niðurskurðar, skuldabréfaútgáfu og erlendrar lántöku upp á tíu milljarða dala, að því er fram kemur í frásögn dagblaðsins The Wall Street Journal. Þá hefur verið gengið á gjaldeyrisvaraforða landsins, þannig að hann hefur minnkað um sextán prósent.

Í sjónvarpsviðtalinu sagði Salman prins að þessi viðbrögð á árunum 2015 og 2016 geti talist bráðabirgðalausnir, en á næsta ári verði farið út í grundvallaruppstokkun á efnahagslífi landsins. Auka eigi fjölbreytni í hagkerfinu með það fyrir augum að fjárfestingar knýi efnahagslífið frekar en olía. Meðal annars eigi að opna fyrir fjárfestingar í námuvinnslu auk þess sem framleiðsla á vopnabúnaði verði stórefld.

Þá verði landflótta múslimum og aröbum í fyrsta sinn gert heimilt að starfa til langframa í Sádi-Arabíu.

Jafnframt efnahagsumbótum er stefnt á að verulegar breytingar verði á menntakerfi Sádi-Arabíu. Ahmed bin Mohammed al Issa, menntamálaráðherra landsins, skýrði frá þessu þegar hann var í heimsókn í Egyptalandi fyrir skömmu.

gudsteinn@frettabladid.is



iRobot
NÝ KYNSLÓÐ
iRobot RYKSUGUVÉLMENNA
10% KYNNINGARAFSLÁTTUR
Nýtt og endurbætt ryksuguvélmenni með háþróuðu burstakerfi. Fjarlægir betur dýrahár, smáryk og óhreinindi. Sérstakt iRobot Home app fyrir snjallsíma.
iRobot
ELDRI GERÐIR Á ÚTRÝMINGARVERÐUM
VERÐ FRÁ 44.995
12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR
Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 AKRANESI S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

# Dulinn kostnaður krabbameinsveikra

**Tannlæknakostnaður, sálfræðitímar, lyfjakostnaður og kostnaður vegna ferðalaga og hjálpartækja er sligandi og að stórum hluta utan greiðsluþátttöku í nýju frumvarpi. Krabbameinsveik kona hefur greitt eina og hálfa milljón í kostnað vegna veikinda sinna.**



Kostnaður krabbameinsveikra er meiri en sem tekur til beinnar meðferðar á spítala. Sálfræðiviðtöl, tannlæknakostnaður og aukakostnaður ýmiss konar sligar veika. MYND/NORDIC PHOTOS

**HEILBRIGÐISMÁL** Ítrekað hefur verið beðið um nánari skoðun á sligandi kostnaði krabbameinsveikra segir Gunnjóna Una Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinfélags Íslands. Hún segir marga leita til þjónustunnar vegna íþyngjandi lækniskostnaðar og vera að kanna rétt sinn til greiðslu fyrir læknisþjónustu og lyf.

Meðal þess sem reynist þeim þungur baggi sé sálfræðikostnaður, tannlæknakostnaður, ferðakostnaður, ýmis kostnaður vegna umbúða, líkamsræktar og lyf sem eru ekki hluti af meðferð en styðja hana og eru tekin samhliða henni að ráði læknis.

„Það getur falist mikill kostnaður í því að borga fyrir alls konar lyf sem eru nauðsynleg en utan greiðsluþátttöku, þetta geta verið verkjalyf til að slá á aukaverkanir, til dæmis, segir Gunnjóna Una og telur fleira til svo sem sálfræðimeðferð og uppbyggingu á borð við líkamsrækt. „Þetta geta verið nauðsynlegar meðferðir sem fólk hefur ekki greiðan aðgang að á Landspítalanum. Einn sálfræðitími kostar um það bil fimmtán þúsund krónur, þetta er kostnaður sem skiptir máli og er sligandi,“ segir Gunnjóna Una.

### Aukakostnaður utan kerfis

Gunnjóna Una gagnrýnir einnig að það sé bundið við árið. Það geti þýtt mismunandi kostnað eftir því hvenær ársins fólk greinist. „Við höfum margoft bent á þetta en okkur hefur verið sagt að það þýði ekki að ræða þessi mál. Þetta eru samt sem áður brýn mál fyrir okkar skjólstæðinga.“

Gunnjóna Una segir skjólstæðinga einnig hafa áhyggjur af aðgengi að þjónustu og hafa lélega og litla meðfærslu á veikindatímabilinu. „Mér finnst þetta kerfi svo lélegt, mér finnst illa staðið að því að fólk fái þá meðfærslu sem það þarf og þann tíma hjá læknum sem það þyrfti að fá. Það eru fáir krabbameinslæknar sem sinna sjúklingum og þeir hafa lítinn tíma. Þeir reyna að gera það sem þeir geta en það er ekki nóg,“ segir Gunnjóna Una.

> **Það getur falist mikill kostnaður í því að borga fyrir alls konar lyf sem eru nauðsynleg en utan greiðsluþátttöku.**
>
> Gunnjóna Una Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi hjá Krabbameinsfélaginu



Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra ræddi á ársþingi Landspítalans um nýtt greiðsluþátttökukerfi. Hann sagði það mundu koma til með að verja þá sjúklinga sem mest þurfa á að halda.

Undir nýja kerfið fellur þjónusta heilsugæslu, sjúkrahúsa, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna, rannsóknir og geisla- og myndgreiningar. Samkvæmt kerfinu mun notandi greiða að hámarki 95.200 kr. á ári fyrir heilbrigðisþjónustu en þó aldrei meira en 33.600 kr. á mánuði. Samkvæmt útreikningum Sjúkratrygginga Íslands verða um 48 prósent sjúkratryggðra fyrir kostnaðaraukningu vegna nýs kerfis en greiðslur 30% sjúkratryggðra lækka.

Kostnaðurinn sem Gunnjóna Una nefnir er þó að miklum hluta utan greiðsluþátttöku ríkisins. Í nýju kerfi er tannlæknakostnaður til að mynda ekki með og munar mest um þann kostnað. Þá falla hjálpartæki utan kerfisins, þar er samt til staðar greiðsluþátttaka í öðru kerfi en sjúklingar þurfa að greiða notendagjöld. Sálfræðikostnaður er ekki nógu aðgengilegur og þeir sem leita til ráðgjafarþjónustunnar hafa greitt fyrir einkatíma úr eigin vasa fyrir sig og aðstandendur.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Lífeyrissparnaður sem hentar þér

Íslenski lífeyrissjóðurinn er góður kostur fyrir þá sem geta valið sér lífeyrissjóð. Sjóðurinn hefur skilað góðri ávöxtun síðustu ár. Sjóðfélagar geta bæði greitt hluta af iðgjöldum sínum í séreign sem erfist og valið ávöxtunarleið sem þeim hentar.



## Verri þjónusta og meiri kostnaður

Framkvæmdin er önnur en var sett á í lyfjakerfinu og byggð á gjaldskrá sem ráðherra setur. Í nýju kerfi er tannlæknakostnaður ekki með og munar mest um þann kostnað. Þá falla hjálpartæki utan kerfisins, þar er samt til staðar greiðsluþátttaka í öðru kerfi en sjúklingar þurfa að greiða notendagjöld.

Edda Björk Gunnarsdóttir hefur veikst þrisvar sinnum af krabbameini. Árið 2001 veiktist hún af eitlakrabbameini, þá átján ára gömul og foreldrar hennar þurftu lítið annað að greiða en komugjöld.

Árið 2003 veiktist hún aftur af eitlakrabbameini og þar sem hún var komin á fullorðinsár þurfti hún að greiða rúmlega tvö hundruð þúsund krónur fyrir meðferðina.

Edda Björk greindist í þriðja skipti með krabbamein árið 2014, þá brjóstakrabbamein. Hún segist finna fyrir talsverðum mun, bæði hvað snertir kostnað og þjónustu, frá því að hún var áður í þessu veikindaferli.

„Læknarnir eru þéttsetnari nú en áður og hafa þar af leiðandi minni tíma til að sinna hverjum sjúklingi. Eins eru stofurnar á krabbadeildinni yfirfullar núna,“ segir Edda Björk og rifjar upp þann tíma sem tók fyrir hana að fá greiningu.

Það gekk illa fyrir hana að fá tíma í brjóstamyndatöku þar sem hún er ekki orðin fertug. Henni var neitað um tíma í myndatöku þrátt fyrir sögu um veikindi. „Ég er ósátt við móttökurnar sem ég fékk. Ég hefði átt að fá tíma strax miðað við mína sögu. Það var ekki fyrr en móðir mín hringdi og beitti sér að ég fékk tíma, þrátt fyrir að ég væri búin að segja mína sögu og lýsa þeim einkennum sem ég fyndi fyrir. Í myndatökunni kemur strax í ljós að ég er með mein,“ segir Edda Björk og segir ferlið hafa einkennst af mikilli bið.



**Kostnaður Eddu Bjarkar**

**2001**
**0 krónur**

**2003**
**200.000 kr.**

**2014-16**
**1.500.000 kr.**

### Ein og hálf milljón vegna veikinda

Þrátt fyrir að meinið hafi komið í ljós í myndatökunni fékk hún ekki tíma hjá skurðlækni fyrr en viku seinna. Eftir það tók við enn lengri bið eftir sýnatöku sem aðeins var hægt að framkvæma hjá Krabbameinsfélaginu en ekki á Landspítalanum. Það leið því tæpur mánuður frá greiningu og þar til Edda Björk komst í aðgerð til þess að láta fjarlægja meinið.

Edda Björk lýsir þeim aukakostnaði sem hún þurfti að standa straum af vegna veikindanna. Kostnaður vegna veikindanna frá árinu 2014 er orðinn hátt í ein og hálf milljón króna.

„Það er svo margt í kringum aðgerðir sem þessar sem er kostnaðarsamt. Til dæmis þurfa konur sem gangast undir brjóstnám að kaupa sérstaka stuðningshaldara og annað sem kostar sitt. Eitthvað af umbúðum varð ég að kaupa sjálf. Áður en ég hóf svo lyfjameðferðina sjálfa var ákveðið að horfa til framtíðar og taka egg úr mér og frysta hjá Art Medica. Það ferli var mjög kostnaðarsamt. Lyfjameðferðinni fylgdi svo kostnaður við stoðlyf (verkjalyf, næringarefni sem læknar mæla með o.fl.), ráðgjafa og annað. Eftir að lyfjameðferðinni lauk fór ég í endurhæfingu og greiddi rúmlega 200 þúsund krónur fyrir hana,“ segir Edda Björk.

Hún minnir á að vegna langs veikindatíma hafi það reynst henni dýrt að detta út úr kerfinu um áramót. „Mér finnst mjög mikilvægt að sjúklingar sem eru í veikindum og í miðri meðferð haldi réttindum sínum, geti fengið uppáskrifað frá lækni að þeir séu í virkri meðferð eða ferli og detti því ekki út úr greiðslukerfinu. Það hefur ekki verið hugsað um þá hluti en þeir skipta miklu máli,“ segir hún eins og Gunnjóna Una, félagsráðgjafi hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. – **kbg**






## Góð ávöxtun Íslenska lífeyrissjóðsins

| | 1 ár* | 3 ár* | 5 ár* |
|---|---|---|---|
| Líf I | 17,0% | 10,5% | 9,9% |
| Líf II | 13,4% | 8,5% | 8,5% |
| Líf III | 9,9% | 6,6% | 7,3% |
| Líf IV | 4,3% | 3,3% | 4,9% |
| Samtrygging | 13,8% | 9,7% | 8,8% |

*Meðalnafnávöxtun á ári miðað við 31.12 2015.

## Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl næstkomandi kl. 17 í Landsbankanum, Austurstræti 11. Á fundinum verður m.a. farið yfir ársreikning sjóðsins og stöðu hans. Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta.

Íslenski lífeyrissjóðurinn er sjálfstæður lífeyrissjóður með rekstrarsamning við Landsbankann. Nánari upplýsingar má nálgast á vefsvæði sjóðsins, islenskilif.is eða hjá Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans í síma 410 4040.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is · SÍA

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM!
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI!




NISSAN PULSAR TEKNA
Nýskr. 01/15, ekinn 6 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 283612
VERÐ! 3.390 þús.




NISSAN MURANO ACENTA
Nýskr. 05/15, ekinn 3 þús km.
dísil, sjálfskiptur
Rnr. 143360
VERÐ kr. 6.980 þús.




LEXUS CT200H
Nýskr. 05/12, ekinn 43 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 143391
VERÐ kr. 3.180 þús.




BMW 116d
Nýskr. 11/13, ekinn 30 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 370011
VERÐ kr. 4.190 þús.




CITROEN BERLINGO MULTISP.
Nýskr. 05/12, ekinn 81 þús km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 103156
VERÐ kr. 2.190 þús.




HONDA JAZZ ELEGANCE
Nýskr. 04/12, ekinn 66 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 192070
VERÐ kr. 2.090 þús.




FORD KA
Nýskr. 11/15, ekinn 2 þús km.
bensín, beinskiptur.
Rnr. 330078
VERÐ kr. 1.540 þús.

WWW.BÍLALAND.IS
bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is




Tilraunaverksmiðjan hefur framleiðslu strax á næsta ári. MYND/HS ORKA

# Hreinsa útblástur og framleiða koltvísýring

**HS Orka setur upp tilraunastöð í Svartsengi og hreinsar brennisteinsvetni úr útblæstri jarðvarmaversins. Framleidd verða 7.500 tonn af koltvísýringi sem nýtist við margs konar atvinnurekstur. Kostnaður er metinn 300 milljónir króna.**

**UMHVERFISMÁL** HS Orka mun á næstu mánuðum setja upp tilraunastöð við orkuver fyrirtækisins í Svartsengi til að hreinsa brennisteinsvetni ($H_2S$) úr gasi sem fellur til við nýtingu jarðvarma. HS Orka hefur skrifað undir samstarfssamning við danska hátæknirisann Haldor Topsøe um byggingu tilraunastöðvarinnar – en stöðin, sem verður fyrst sinnar tegundar, byggir á tækni og sérþekkingu danska fyrirtækisins.

Kristín Vala Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri Auðlindagarðs HS Orku, segir að eftir að stöðin hefur verið sett upp sé komin umhverfisvæn og hagkvæm lausn til þess að fjarlægja brennisteinsvetnið úr gasstraumi frá orkuverinu, minnka með því lykt og samhliða framleiða hreinan koltvísýring ($CO_2$).

„Afkastageta þessarar stöðvar er um 7.500 tonn af koltvísýringi,“ segir Kristín Vala um framleiðslugetu stöðvarinnar, en hér á landi eru í dag framleidd um 3.000 tonn af koltvísýringi og því ljóst að framboðið verður hér innanlands mun meira en hingað til. Kristín Vala segir að þegar allt er talið sé um framkvæmd að ræða sem muni kosta um 300 milljónir íslenskra króna, en rekstur tilraunastöðvarinnar og framleiðsla á koltvísýringi hefst strax í febrúar eða mars 2017, ef allt gengur að óskum.

Við nýtingu á jarðvarma fellur alltaf til nokkurt magn jarðhitagastegunda, og þeirra á meðal koltvísýringur og brennisteinsvetni. Koltvísýringurinn er verðmæt afurð og nýtist við margs konar starfsemi.

„Möguleika til nýtingar á koltvísýringi er að finna í iðnaðar- og matvælaframleiðslu, garðyrkju, á sjúkrahúsum svo fátt eitt sé talið,“ segir Kristín en útflutningur á koltvísýringi kemur ekki til greina í augnablikinu.

Aðferð Haldor Topsøe fjarlægir brennisteinsvetni úr gasinu sem verður dælt aftur niður í jörðina í uppleystu formi og kemur til með að hafa jákvæð áhrif á rekstur niðurdælingar við Svartsengi.

Það fellur að markmiðum HS Orku um að nýta allt sem til fellur við nýtingu þeirrar auðlindar sem fyrirtækið nýtir og er treyst fyrir, segir Kristín Vala. „Þetta er jákvætt skref fyrir okkur og fellur vel að markmiðum Auðlindagarðsins, samfélags án sóunar og er viðbót við núverandi fjölþætta starfsemi í Auðlindagarðinum.“

**svavar@frettabladid.is**

### Sex orkuver í Svartsengi

Svartsengisvirkjun stendur á hrauni sem rann árið 1226 og heitir Illahraun.

Boranir eftir gufu á Svartsengissvæðinu hófust árið 1971. Strax við virkjun gufuhola fór skiljusjórinn að mynda affallslón sem í dag er hið fræga Bláa lón. Vatni var hleypt á fyrstu húsin í Grindavík árið 1976 og ári síðar, 1977, á fyrstu húsin í Njarðvík.

Orkuverin í Svartsengi hafa verið byggð upp í áföngum. Það fyrsta (orkuver 1) var byggt á árunum 1977-1979 og það síðasta (orkuver 6) var byggt á árunum 2006-2008.

Framleiðslugeta orkuversins í Svartsengi er um 75 MW í raforku og um 150 MW í varma.

> Möguleikar til nýtingar á koltvísýringi er að finna í iðnaðar- og matvælaframleiðslu, garðyrkju, á sjúkrahúsum svo fátt eitt sé talið.



Kristín Vala Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri Auðlindagarðs HS Orku

# Vilja hraða fríverslunarsamningi

**ÞÝSKALAND** Í sex daga Evrópuheimsókn sinn, sem lauk í Þýskalandi í gær, lagði Barack Obama Bandaríkjaforseti meðal annars áherslu á að fríverslunarsamningur Evrópu og Bandaríkjanna (TTIP) verði að veruleika áður en Bandaríkjamenn ganga til kosninga, sem verður í nóvember.

Angela Merkel Þýskalandskanslari tók undir þetta og sagði nauðsynlegt að hraða samningaviðræðunum: „Það er gott fyrir þýskt viðskiptalíf og gjörvallt viðskiptalíf Evrópu,“ sagði hún.

Fréttaskýrendur hafa hins vegar bent á að verulegur ágreiningur sé um marga lykilþætti samningaviðræðnanna. Fríverslunarsamningurinn hefur verið umdeildur, ekki síður en samningurinn um þjónustuviðskipti (TISA). – **gb**



**Obama aðstoðar Merkel á tæknisýningu í Hannover í gær, þar sem þau prófuðu nýja tækni.** NORDICPHOTOS/AFP

## NORÐURLÖNDIN




## Stolin Andrésblöð á lögmannsstofu

**1 DANMÖRK** Vegna vísbendingar frá gæsluvarðhaldsfanga hefur nú stórt safn af Andrésarblöðum, þar á meðal allra fyrsta blaðið frá 1949, hafnað á lögmannsstofu í Kaupmannahöfn. Blöðunum var stolið frá prentsmiðju 2014 en var skilað í gær. Samkvæmt upplýsingum frá prentsmiðjunni er verðmæti blaðanna milljónir danskra króna. Gæsluvarðhaldsfanginn, sem situr inni vegna annars máls, hefur nefnt að gott væri að fá ársáskrift þar sem hann hafi góðan tíma til lestrar.



## Skattayfirvöld fá upplýsingar frá banka

**2 NOREGUR** Norsk skattayfirvöld fá upplýsingar um Norðmenn sem hafa stofnað aflandsfélög með aðstoð DNB bankans í Lúxemborg. Útibúið mun senda skattayfirvöldum í Lúxemborg upplýsingarnar sem áframsenda þær til norskra skattayfirvalda. DNB bankinn aðstoðaði á árunum 2006 til 2010 um fjörutíu viðskiptavini við að stofna aflandsfélög á Seychelles-eyjum í gegnum lögmannsstofuna Mossack Fonseca í Panama. Um tuttugu eru skattskyldir í Noregi.

## 300 fjölkvænishjónabönd skráð

**3 SVÍÞJÓÐ** Að ganga í hjónaband með fleiri en einum einstaklingi er bannað í Svíþjóð. Samt sem áður eru nær 300 slík hjónabönd skráð hjá skattayfirvöldum landsins. Fjölkvæni er leyfilegt í Svíþjóð ef stofnað hefur verið til slíks hjónabands í landi þar sem það er löglegt og einstaklingarnir flytja síðan til Svíþjóðar. Þar eru nú þrír karlar sem eiga fjórar eiginkonur hver og ellefu sem eru kvæntir þremur konum hver. Skiptar skoðanir eru á því hvort banna eigi þessi hjónabönd í Svíþjóð.



**Theresa May flutti í gær ræðu um tengsl Bretlands við Evrópusambandið.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Vilja hætta aðild að sáttmála

**BRETLAND** Theresa May, innanríkisráðherra Bretlands, vill að Bretar segi sig frá Mannréttindasáttmála Evrópu. Hann bindi nefnilega hendur breska þjóðþingsins um of.

Hins vegar eigi Bretland ekki að segja skilið við Evrópusambandið. Hitt nægi.

David Cameron forsætisráðherra hafði það á stefnuskrá flokks síns fyrir síðustu kosningar að ógilda mannréttindalög, sem skuldbinda breska dómstóla til að hlíta Mannréttindasáttmála Evrópu. Stjórn Camerons hefur þó enn ekki látið verða af því.

Cameron hefur hins vegar ekki útilokað að Bretland eigi að segja sig frá Mannréttindasáttmálanum. – **gb**

## 20% matarins enda í ruslinu

**UMHVERFISMÁL** Ný gögn um matarsóun í Evrópu sýna að hver Evrópubúi fleygir að meðaltali um 173 kg af mat á ári sem er mun meira en áætlað var, að því er kemur fram á vef Umhverfisstofnunar.

Þar segir að samanlagt sé um 88 milljónum tonna af mat hent árlega að andvirði um 143 milljarða evra. Þetta þýði að um 20% af þeim mat sem er framleiddur innan Evrópu endar í ruslinu. Stærstu sólundararnir eru heimilin sem sóa um 47 milljónum tonna af mat á ári hverju. – **ibs**

**88**

**milljónum tonna af mat er hent árlega í Evrópu.**

## Sala á laxi tvöfaldaðist

**NOREGUR** Sala á norskum laxi til Bandaríkjanna jókst um 130 prósent á árunum 2012 til 2015 en Bandaríkjamenn felldu niður refsitolla á norskan lax árið 2012. Magnið sem hefur verið flutt út hefur aukist úr 16 þúsundum tonna í 37.600 tonn, að því er segir í frétt Aftenposten.

Bent er á að Bandaríkjamenn séu uppteknir af hollustu matar. Þeir kaupi norska laxinn þótt hann sé dýrari en annar innfluttur lax þar sem á honum séu merkimiðar þar sem segir að engin bakteríudrepandi lyf hafi verið notuð við framleiðsluna. – **ibs**




FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# Eitt besta ár í sögu Frjálsa lífeyrissjóðsins

Árið 2015 var eitt besta ár Frjálsa lífeyrissjóðsins frá stofnun hans þegar horft er til nokkurra þátta í rekstri sjóðsins:

- Raunávöxtun stærstu fjárfestingarleiðarinnar, Frjálsa 1, var 11,0% og hefur raunávöxtun leiðarinnar ekki verið hærri frá árinu 2003.
- Fjárfestingarleiðin Frjálsi Áhætta skilaði metraunávöxtun, eða 18,0% sem er hæsta raunávöxtun frá stofnun sjóðsins.
- Tryggingafræðileg staða tryggingadeildar sjóðsins batnaði sjötta árið í röð og voru eignir umfram heildarskuldbindingar í lok árs 5,0% sem endurspeglar sterka tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.
- Frjálsi lífeyrissjóðurinn var valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í sínum stærðarflokki annað árið í röð af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE) en sjóðurinn hefur á undanförnum árum hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga.

**Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins**
Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 26. maí kl. 17.15 í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19. Dagskrá fundarins er á vef sjóðsins, frjalsi.is.

**Lífeyrissjóður í fremstu röð**
Frjálsi lífeyrissjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skyldulífeyrissparnað. Allir geta greitt viðbótarlífeyrissparnað í sjóðinn.

Hafðu samband við okkur í síma 444 7000, sendu tölvupóst á lifeyristhjonusta@arionbanki.is eða komdu við í næsta útibúi Arion banka.

Einnig má nálgast upplýsingar á frjalsi.is.

Arion banki – fyrir framtíðina

## Meginniðurstöður ársreiknings
(í milljónum króna)

**Efnahagsreikningur 31.12.2015**

| | |
|---|---|
| **Eignir** | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 69.106 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 84.071 |
| Veðlán | 3.244 |
| Bankainnstæður | 13.066 |
| **Fjárfestingar alls** | **169.487** |
| Kröfur | 879 |
| Aðrar eignir | 5.150 |
| **Eignir samtals** | 175.515 |
| **Skuldir** | -1.659 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **173.857** |

**Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2015**

| | |
|---|---|
| Iðgjöld | 13.361 |
| Lífeyrir | -3.286 |
| Fjárfestingartekjur | 18.062 |
| Fjárfestingargjöld | -396 |
| Rekstrarkostnaður | -181 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | **27.559** |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | **146.298** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **173.857** |

**Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings 31.12.2015**

| | |
|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | 4.556 |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum | 10,3% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | 5.627 |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum | 5,0% |

**Kennitölur**

| | |
|---|---|
| Eignir í íslenskum krónum | 80,5% |
| Eignir í erlendri mynt | 19,5% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga[1] | 15.922 |
| Fjöldi sjóðfélaga í árslok | 52.654 |
| Fjöldi lífeyrisþega[2] | 2.798 |

[1] Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddu iðgjald á árinu.
[2] Meðaltal lífeyrisþega sem fengu greiddan lífeyri á árinu.

| **Nafnávöxtun** | **2015** |
|---|---|
| Frjálsi 1 | 13,2% |
| Frjálsi 2 | 11,8% |
| Frjálsi 3 | 6,8% |
| Frjálsi Áhætta | 20,4% |
| Tryggingadeild* | 10,5% |

*Skuldabréf gerð upp á kaupkröfu


Brandenburg / SÍA
Hrein samviska í 25 ár
Verið velkomin í SORPU. Við fögnum 25 ára afmæli og í tilefni dagsins verða ýmsar uppákomur á völdum starfsstöðvum.




Opið verður á öllum endurvinnslustöðvum til kl. 19:30 alla vikuna, en takmarkaður opnunartími verður þó um helgina. **Nánari upplýsingar á sorpa.is.**

SORPA | 25

Gylfaflöt 5 | 112 Reykjavík | 520 2200 | sorpa@sorpa.is

## Skaðleg tengsl



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Skartgripafyrirtæki Moussaieff-fjölskyldunnar átti félag sem skráð var á Jómfrúaeyjum og kemur fyrir í gögnum frá Mossack Fonseca. Hvorki forseti Íslands né Dorrit Moussaieff forsetafrú segjast hafa heyrt um félagið áður. Vandséð er að þetta hafi nokkur áhrif á stöðu forsetans eða getu hans til að gegna skyldum embættisins þótt þetta muni án nokkurs vafa skaða forsetann í kosningabaráttunni.

Félag Moussaieff-fjölskyldunnar heitir Lasca Finance Limited. Árið 2005 seldi fjölskyldufyrirtækið Moussaieff Jewellers Ltd. tíu prósenta hlut sinn í Lasca Finance til hinna tveggja eigenda þess, S. Moussaieff og „Mrs." Moussaieff. Shlomo Moussaieff, faðir Dorritar, er látinn og í svari forsetaembættisins til fjölmiðla kemur fram að móðir hennar viti ekki af neinu slíku félagi.

Málið er vandræðalegt fyrir forsetann því hann var í viðtali á CNN síðastliðinn föstudag þar sem Christiane Amanpour spurði hvort hann eða eiginkona hans hefðu tengsl við aflandsreikninga og hvort eitthvað ætti eftir að koma í ljós í þeim efnum. „Nei, nei, nei, nei, nei. Það verður ekki þannig," sagði Ólafur Ragnar í viðtalinu.

Það hefur legið fyrir lengi að forsetafrúin er af efnuðu fólki komin. Það geta varla talist tíðindi að auðugir Bretar eigi peninga í skattaskjólum. Lundúnir eru eiginleg fjármálamiðstöð heimsins og Bretland er eitt frjálsasta hagkerfi heims þegar kemur að regluverki markaðarins. Það er ekki tilviljun að rússneskir auðkýfingar í útlegð setjast að í Bretlandi. Mun sú staðreynd að Dorrit á peninga í skattaskjólum breyta einhverju um hæfni Ólafs Ragnars til að vera forseti Íslands eftir 20 ár í embætti? Mun hann standa sig verr í embætti af því að fjölskylda eiginkonu hans er auðug og kýs helst að lágmarka skattbyrði sína eins og margt af efnuðu fólki gerir? Að sjálfsögðu ekki. Það er hins vegar ekki forsvaranlegt að eiginkona forsetans borgi ekki sína skatta á Íslandi ef hún býr hér og nýtir sér opinbera þjónustu. Umræðan ætti frekar að snúast um það.

Dorrit gerðist íslenskur ríkisborgari árið 2006. Henni bar að greiða skatta á Íslandi þar sem hún hafði lögheimili hér á landi í samræmi við meginreglu skattaréttarins. Það vakti mikla athygli á árinu 2012 að forsetafrúin greiddi ekki skatta að neinu ráði á Íslandi en hún flutti lögheimili sitt aftur til Bretlands í árslok 2012. Þær skýringar voru gefnar þá að það væri vegna ákvæða breskra skattalaga og mikillar viðveru hennar í Bretlandi.

Að þessu sögðu er hins vegar ljóst að ef sami siðferðismælikvarði er lagður á stöðu forsetans og á stöðu Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, og Ólafar Nordal innanríkisráðherra ættu þeir sem krefjast afsagnar Bjarna og Ólafar Nordal einnig að krefjast afsagnar Ólafs Ragnars. Sú staða er komin upp í íslensku samfélagi að þú mátt helst ekki tengjast neinum sem átti einhvern tímann aflandsfélag ef þú ætlar að vera þátttakandi í stjórnmálum. Er það réttmæt og eðlileg krafa?

**Sú staða er komin upp í íslensku samfélagi að þú mátt helst ekki tengjast neinum sem átti einhvern tímann aflandsfélag ef þú ætlar að vera þátttakandi í stjórnmálum.**




Halldór




### Frá degi til dags

**Aðeins eitt lítið kýrauga**
**Mýgrútur frétta hefur nú birst um fyrirtæki og félög Íslendinga í skattaskjólum hér og þar um heiminn eftir leka úr lögmannsstofunni Mossack Fonseca sem er til húsa í Panama. Þó hér sé um að ræða gríðarlega margar tengingar við Ísland er hér ekki verið að segja nema eina söguna. Lekinn úr lögmannsstofunni panamísku er aðeins einn gluggi alheimsins inn í veröld skattaskjóla og almenns feluleiks í viðskiptaheiminum. Óskandi væri að vera með fleiri glugga opna inn í þennan heim en aðeins þennan. Þetta er hins vegar mjög mikilvægur gluggi, eða réttara sagt bílskúrshurð ef stærð lekans er höfð í huga.**

**Merkilegt minnisleysi**
**Fyrir fréttafíkla og samfélagið eru þessar fréttir mjög mikilvægar. Fyrir ykkur hin sem eruð komin með upp í kok af þessum fréttum er hér handritið að þeim öllum. Í fyrsta lagi er ríkur einstaklingur með miklar tengingar við valdablokkir samfélagsins sem býr til félag á Tortóla. Einhver banki gerir það þó án hans vitundar. Þeir eiga síðan allir sameiginlegt (ef eitthvað er að marka orðin) að enginn rekstur hafi verið í félaginu, engir fjármunir farið í gegnum það og stórtap orðið á félögunum. Í raun er það mesta furða að menn hafi viljað setja upp fyrirtæki þarna!**
**sveinn@frettabladid.is**

## Heilbrigt viðskiptalíf?



**Katrín Jakobsdóttir**
formaður Vinstri grænna

Panama-skjölin svonefndu hafa afhjúpað þá staðreynd að notkun aflandsfélaga var viðurkennd og algeng í íslensku viðskiptalífi fyrir hrun og tíðkast enn. Enn fremur að notkun slíkra félaga snýst ekki eingöngu um að komast hjá skattgreiðslum heldur einnig um að leyna eignarhaldi á slíkum félögum og fylgja ekki þeim hefðbundnu reglum sem gilda um íslenskt atvinnulíf, t.d. hvað varðar skil á ársreikningum og öðrum upplýsingum.

Panamaskjölin ýttu við þjóðarleiðtogum og stjórnmálamönnum víða á Vesturlöndum. François Hollande, forseti Frakklands, tilkynnti strax að ráðist yrði í opinbera rannsókn, enda hefur það verið opinber stefna margra vestrænna ríkja að berjast gegn tilvist skattaskjóla sem grafa undan velferð og lýðræði. Þetta voru þó ekki fyrstu viðbrögð ráðherra og þingmanna íslensku ríkisstjórnarinnar sem reyndu að verja aflandsfélögin í byrjun og lýstu jafnvel samúð með ríka fólkinu sem einhvers staðar þarf að geyma peningana.

Nöfn þriggja íslenskra ráðherra fundust í skjölunum og sitja tveir þeirra enn í ríkisstjórn. Í stað þess að ríkisstjórnin færi frá, þing væri rofið og boðað til kosninga strax, sem væru eðlileg viðbrögð við máli af slíkri stærðargráðu, stritast ríkisstjórnin við að sitja en hefur þó með semingi flýtt kosningum til óræðrar dagsetningar í haust.

Birting Panama-skjalanna hefur gert tvennt. Annars vegar valdið trúnaðarbresti milli stórs hluta almennings og stjórnmálanna sem ekki máttu við meira vantrausti. Og hins vegar varpa þau ljósi á djúpstæða misskiptingu þar sem fámennur hópur hefur í krafti auðs síns nýtt sér skattaskjól til að stjórna auðæfum sínum á meðan þorri fólks hefur lifað og starfað eftir þeim reglum sem við sem samfélag höfum sett okkur.

Ísland er sama marki brennt og önnur vestræn ríki þar sem ríkasta eina prósentið fleytir rjómann af striti annarra. Við eigum ekki að sætta okkur við slíka misskiptingu auðæfanna. Það á að rannsaka aflandsfélögin líkt og við þingmenn Vinstri-grænna höfum lagt til að verði gert og það á að berjast gegn tilvist skattaskjóla á alþjóðavettvangi – þau eru ekki hluti af heilbrigðu atvinnu- og viðskiptalífi.

**Við eigum ekki að sætta okkur við slíka misskiptingu auðæfanna. Það á að rannsaka aflandsfélögin**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# BETRI BUNA OG BÆTTUR SVEFN

**Artasan kynnir** Pro-Staminus er náttúruleg blanda sem er fyrst og fremst ætluð karlmönnum sem hafa einkenni um góðkynja stækkun á blöðruhálskirtli. Einkenni geta m.a. verið tíð þvaglát, sérstaklega á nóttunni, og að bunan verður slöpp.



Guðmundur Einarsson sefur mun betur með hjálp Pro-Staminus.



Bunan verður betri og klósettferðum fækkar.

Allir karlmenn hafa blöðruhálskirtil. Hann er á stærð við valhnetu og umlykur þvagrásina. Hlutverk hans er að framleiða sáðvökva. Í kringum fertugsaldurinn breytist hormónaframleiðslan og testosterón umbreytist smátt og smátt í di-hydro-testosterón sem gerir það að verkum að blöðruhálskirtillinn stækkar.

**PISSUFERÐIR Á NÓTTUNNI**

Einkenni góðkynja stækkunar á blöðruhálskirtli

- Tíð þvaglát
- Kraftlítil þvagbuna
- Slitrótt þvaglát og erfitt að halda í sér
- Sviði eða sársauki við þvaglát

Klósettferðir á nóttunni eru sérlega hvimleiðar því það verður mikil röskun á nætursvefninum. Það hefur mjög svo neikvæð heilsufarsleg áhrif en eins allir vita þá er góður nætursvefn undirstaða góðrar heilsu.

Megininnihaldsefnin í Pro-Staminus eru hörfræjaþykkni, graskersfræjaþykkni, granateplaþykkni sink, selen, D- og E-vítamín en efni í bæði hör- og graskersfræjum sporna við myndun di-hydrotestosteróns sem er meginástæða stækkunar á blöðruhálskirtli.

**TÍÐ ÞVAGLÁT TRUFLUÐU BÆÐI SVEFNINN OG VINNUNA**

Guðmundur Einarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri GSG, hefur góða reynslu af Pro-Staminus: „Ég var farinn að pissa mjög oft á næturnar sem var orðið afar þreytandi. Á daginn þurfti ég líka sífellt að fara á klósettið og svo þegar maður loksins komst á klósettið þá kom lítið sem ekkert. Nú tek ég alltaf eina töflu á morgnana og aðra á kvöldin og finn að ég þarf sjaldnar að pissa á næturnar. Bunan er orðin miklu betri og klósettferðirnar á daginn eru færri og áhrifaríkari.“

**FLEIRA VINSÆLT Í SÖMU LÍNU**

Það er fyrirtækið Mezina í Danmörku sem framleiðir Pro-Staminus og eru önnur efni frá fyrirtækinu ekki síður vinsæl. Í sömu línu er að finna Bellavista og Roseberry sem hafa verið hér í sölu í töluverðan tíma og svo er Lunamino svefnbætiefnið nýjasta afurðin. Allt eru þetta náttúrulegar blöndur af jurtum, berjum og/eða fræjum ásamt völdum bætiefnum sem ættu að henta nánast öllum.

> » Nú tek ég alltaf eina töflu á morgnana og aðra á kvöldin og finn að ég þarf sjaldnar að pissa á næturnar.




Pro-Staminus inniheldur m.a. hörfræjaþykkni og graskersfræjaþykkni.

**BELLAVISTA GEGN AUGNÞURRKI**

Í Bellavista er hátt hlutfall af bláberjaþykkni og lúteini sem er öflugt fæðubótarefni fyrir sjónina. Edda Snorradóttir, heldri borgari, hafði þetta að segja:

„Ég hef verið háð augndropum í 8-10 ár og ákvað að það sakaði ekki að prófa þessar pillur sem byggjast á bláberjum og mörgu góðu úr náttúrunni. Nú nota ég Bellavista að staðaldri og finn gífurlegan mun. Ég þarf ekki að kaupa augndropana lengur og þetta er mun ódýrara.“

**ROSEBERRY VIÐ SÝKINGUM**

Roseberry inniheldur þykkni úr trönuberjum ásamt hibiscus og C-vítamíni en þetta þrívirka fæðubótarefni hefur fengið mjög góðar móttökur hér á landi og fjölmargir sem kaupa þetta reglulega.

„Ég var alltaf með blöðrubólgu og bólgu í þvagrásinni og þurfti í framhaldi að vera á súlfalyfjum við þessum kvilla því ég þoldi ekki pensilín. Eftir að hafa tekið Roseberry í hálfan mánuð var ég komin upp í fulla virkni. Núna tek ég bara eina töflu á dag og mæli með þessu við alla því ég veit að það virkar. Ég hef ekkert þurft að fara í útvíkkun á þvagrás eftir að ég byrjaði að taka það, nú eða taka inn lyf,“ segir Ragnhild Guðrún Friðjónsdóttir, eldri borgari.

**LUNAMINO FYRIR SVEFNINN**

Lunamino er einstök vara sem inniheldur amínósýruna L-tryptófan og blöndu af jurtum sem allar eru þekktar fyrir að vera streitulosandi og geta auðveldað fólki að sofna. L-tryptófan virkar róandi á miðtaugakerfið okkar og ef Lunamino er tekið nokkru fyrir svefn, getur það auðveldað fólki að sofa betur.

Lunamino er nýtt á markaði en fjöldi manns hefur nú þegar prófað og er ánægt með árangurinn. Fólk nær samfelldari svefni og vaknar þar af leiðandi úthvílt og er orkumeira á daginn.

**Sölustaðir:** Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.

**VIÐSKIPTAVINURINN HEFUR ALLTAF RÉTT FYRIR SÉR!** Fjögur öflug náttúruleg efni frá Mezina




„Sef betur á nóttinni og svefninn er samfelldari.“
*Gunnar Guðmundsson*

„Öflugt við blöðrubólgu og þvagfærasýkingum.“
*Ragnhild Guðrún Friðjónsdóttir*

„Kemur í veg fyrir tíð þvaglát á nóttunni.“
*Guðmundur Einarsson*

„Ég er laus við augnþurrk og pirring í augunum.“
*Edda Snorradóttir*

Fást í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# FINNSKA BOXIÐ UM ALLAN HEIM

Fæðingargjöf til verðandi foreldra sem geymir margt sem nýfætt barnið þarfnast hefur skilað sér meðal annars í lægri tíðni ungbarnadauða. Hugmyndin hefur farið víða og er gjöfin gefin nýbökuðum mæðrum í löndum víðs vegar um heim.

Fæðingargjöf sem finnskir tilvonandi foreldrar fá frá ríkinu vakti mikla athygli fyrir nokkrum árum. Svo mikla reyndar að hugmyndin hefur farið víða um heiminn og bjóða nú hin ýmsu fyrirtæki og stofnanir í fjölda landa upp á slíka fæðingargjöf líka.

### UNGBARNADAUÐI MINNKAÐI

Gjöfin er pappakassi sem inniheldur meðal annars föt, bleiur, sæng, sængurver, svefnpoka, útigalla, handklæði og dýnu sem má setja í botn kassans og nýta hann sem rúm. Í kassanum eru líka nauðsynjavörur fyrir foreldrana, svo sem dömubindi, getnaðarvarnir, geirvörtukrem og brjóstapúðar.

Sögu fæðingargjafarinnar finnsku má rekja allt til fjórða áratugarins en þá var hún hugsuð sem styrkur við fátækar fjölskyldur, en allt frá 1949 hefur hún staðið öllum til boða. Í byrjun var gjöfin tengd mæðraeftirliti. Ungbarnadauði var mikill í Finnlandi milli stríða en lækkaði mjög og er nú með því lægsta í heiminum.

Á vefsíðu BBC segir að athyglin hafi fyrst vaknað þegar finnska ríkisstjórnin gaf Vilhjálmi, hertoganum af Cambridge, og Kate Middleton hertogaynju slíka fæðingargjöf þegar þau áttu von á fyrra barni sínu. Stuttu síðar stofnuðu þrír finnskir feður fyrirtæki sem seldi kassann út um allan heim og tvær bandarískar konur gerðu slíkt hið sama. Nú er svipað fyrirtæki rekið í Bretlandi og fleiri eflaust víðar.

### INNIHALDIÐ ER MISMUNANDI

Þar sem hugmyndin er einföld og virkar vel vildu heilbrigðisstarfsmenn víða um heim prófa hana. Innihald kassans fer oft eftir því hver helstu vandamálin eru á svæðinu sem um ræðir, allt frá því að reyna að koma í veg fyrir sýkingar til þess að koma barninu úr rúmi foreldranna þar sem það gæti átt á hættu að kafna. Í nokkrum tilfellum, eins og var í upphafi í Finnlandi, er tilgangurinn sá að hvetja verðandi mæður til að koma í mæðraeftirlit. Sú er raunin í Suður-Afríku þar sem reynsla teymis frá Stellenbosch-háskóla er sú, af Thula Baba-kassanum eins og hann er kallaður þar, að konur koma frekar í mæðraeftirlit eftir að byrjað var að gefa hann. Þegar mæðurnar skila sér í eftirlit leiðir það meðal annars til þess að HIV-smitaðar mæður deyja síður af barnsförum og líkur á að börnin smitist af mæðrum sínum minnka.

Læknanemi við Harvard-háskóla, Karima Ladhani, vonaðist eftir að fæðingargjöfin myndi hafa svipuð áhrif í Suður-Asíu. Hún bróaði því Barakat Bundle-verkefnið sem er nú í gangi í Jagadiya á Indlandi. Sá kassi inniheldur tæki og tól sem eiga að minnka líkur á sýkingu í fæðingu og stuttu eftir hana ásamt flugnaneti til að vernda börnin fyrir malaríu.



Fæðingargjöfin finnska er pappakassi sem hægt er að nýta sem rúm. MYND/BABYBOXCO.COM

### ÚT UM ALLAN HEIM

Á vef BBC kemur einnig fram að það sé ekki einungis í þróunarlöndunum sem ungbarnadauði er áhyggjuefni. Í þessum mánuði verður kassinn gefinn á Queen Charlotte's and Chelsea spítalanum í London í samstarfi við bandaríska fyrirtækið Baby Box Co. Þar er áherslan lögð á að börnin hafi rúm út af fyrir sig svo þau þurfi ekki að sofa uppi í rúmi hjá foreldrunum sem auki líkur á því að börnin kafni. Um sex hundruð kassar verða gefnir konum sem fæða á spítalanum á næstu mánuðum.

Þó nokkur verkefni eru í gangi í Bandaríkjunum en það stærsta fer í gang síðar á þessu ári í Fort Worth í Texas þegar allir fjórir spítalar borgarinnar gefa kassana nýbökuðum foreldrum til að reyna að minnka ungbarnadauða sem er 7,1 af 1.000 lifandi fæddum miðað við 5,9 af 1.000 fæddum í Bandaríkjunum öllum. Búist er við að 36 þúsund kassar verði gefnir og lögð er áhersla á að hvetja foreldra til að láta börnin sofa í kassanum en ekki við hlið þeirra í rúminu.

Einnig er áætlað að setja sambærileg verkefni í gang í Ástralíu og það hefur verið í gangi í Kanada síðan í október á síðasta ári. Finnska ríkisstjórnin segist vita af þessum áhuga á alþjóðavísu á fæðingargjöfunum og að hún veiti ráðgjöf til annarra landa. Á hennar vegum fara fram kynningar á kössunum í sendiráðum víða um heim.


SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR



SUZUKI Liana 4WD.
Skr. 11.2006, ekinn 98 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.080.000.
Rnr.101224.



SUZUKI Grand Vitara Premium.
Skr. 11.2011, ekinn 70 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, dráttarbeisli.
Verð 3.350.000.
Rnr.101222.



SUZUKI SX4 GLX.
Skr. 05.2011, ekinn 102 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.290.000.
Rnr.101212.



TOYOTA Corolla Terra.
Skr. 05.2014, ekinn 36 Þ.KM, bensín, 6 gírar.
Verð 2.780.000.
Rnr.101192.



VW Polo Comfortline.
Skr. 07.2012, ekinn 59 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 1.780.000.
Rnr.101199.



SUZUKI Alto GL.
Skr. 12.2012, ekinn 37 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 1.450.000.
Rnr.101180.



SKODA Citigo Active.
Skr. 04.2013, ekinn 58 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 1.350.000.
Rnr.101198.



KIA Sportage EX 4WD.
Skr. 01.2015, ekinn 51 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, leður.
Verð 5.350.000.
Rnr.101063.



HONDA CR-V Lifestyle.
Skr. 05.2012, ekinn 53 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.250.000.
Rnr.101196.

SUZUKI

Komdu og skoðaðu úrvalið

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ B 180 CDI blue efficiency. Árgerð 2013, ekinn 38 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.990.000. Rnr.240456. Tilboð kr: 3.390.000,-



Kia Sorento EX Luxury. Árgerð 2015, ekinn 47 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.750.000. Rnr.280163. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



HYUNDAI I20 classic. Árgerð 2013, ekinn 50 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.991659.



CHEVROLET Captiva. Árgerð 2013, ekinn 42 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.970.000. Rnr.991750.



Kia Sportage EX 4wd x-tra. Árgerð 2014, ekinn 103 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.991579. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

100bílar.is bílasala



Nissan Leaf Tekna, 3/2015, ek 427 km, sjsk, rafmagnsknúinn, leðuráklæði, ogfl, tilboðsverð 3490 þús, raðnr 152295, er á staðnum.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Upphlásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

NETBÍLAR www.netbilar.is



**GLÆSILEGUR AUDI Q5 2015 ÁRGERÐ**

Audi Q5 V6T Quattro ekinn 4.þkm disel,ssk,5,9 í 100, nývirði 9,7.m feitletrað TILBOÐ 8,3.m raðnúmer 213423 Bíllinn er á staðnum í núpalind 1 kóp.5885300

**Netbílar.is**
**Núpalind 1 .Lindum Kópavogi, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu



Toyota Avensis árgerð 2006, aðeins ek. 97.000 km. Einn eigandi frá upphafi. Ásett verð 1.590.000. Uppl. ì s. 892-2221.



**GLÆSILEGUR FORD F150 FX4 OFF ROAD**

Til sölu einstaklega gott eintak af Ford F150 FX4 off road package. Árgerð 2005, leður sæti, plast í skúffu, pall lok, 101.000 mílur. Mikið endurnýjaður bíll í mjög góðu ástandi. Verð 1.990.000 Uppl. gefur Baldur 8933348

### 250-499 þús.



**GÓÐUR SMÁBÍLL -TILBOÐ 490 ÞÚS**

Hyundai Getz árg 2003 ek.151 þús, ný skoðaður 17 án athugasemda, góð heilsársdekk, alveg öryðgaður, ásett verð 590 þús TILBOÐ 490 þús möguleiki á 100% vísa láni í 36 man S.841 8955



**SJÁLFSKIPTUR - LÍTIÐ EKINN**

Opel Astra 1.6 árg '03. ek. aðeins 144þús km. Sjálfskiptur. ný sko '17. ný heilsársdekk. ný yfirfarinn af verkstæði. mjög heill og góður bíll. Tilboðsverð aðeins 490þús. möguleiki á allt að 100% vísaláni. s:659-9696



**GÓÐUR JEPPLINGUR - TILBOÐ 590 ÞÚS**

Hyundai Santa fe 4x4 V6 2004 Sjálfskiptur ek.174 þús, ný harðkorna dekk, smurbók, vel við haldinn bíll aðens 2 eigendur, ásett verð 790 þús TILBOÐ 590 þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955



**SJÁLFSKIPTUR - NÝ SKOÐAÐUR**

Hyundai Getz 1.6 sjálfskiptur. árg '05. ek 154þús km. 5dyra. ný skoðaður. ný heilsársdekk. álfelgur. samlæsingar. bíll í mjög góðu ástandi sem eyðir litlu. ásett v:790þús. Tilboðsverð aðeins 550þús stgr. allt að 100% vísalán í boði. s: 659-9696

### 500-999 þús.



**TILBOÐSVERÐ 790ÞÚS !!**

Toyota Avensis 1,8 árg '05. ekinn 179þús km. ný skoðaður. bsk. dráttarkrókur. heilsársdekk. samlæsingar. smurbók. flottur bíll á frábæru verði. Aðeins 790þús. Allt að 100% vísalán í boði. uppl í s:659-9696

### 1-2 milljónir



**EKINN AÐEINS 59ÞÚS KM !**

Skoda Fabia 1,4 árg '08. ekinn aðeins 58þús km. smurbók frá upphafi. beinskiptur, 5dyra, mjög eyðslugrannur. toppeintak. ásett v:1,590þús. Tilboðverð aðeins 1,190þús. uppl í s:659-9696




## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ‘01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér líst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Reiðhjól



**RAFMAGNS-REIÐHJÓL**
**VERÐ FRÁ 129.800,-**
**EL - BIKE.IS**
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

# PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

**MÁLNINGI**
Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

## Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Húsaviðhald




Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Til sölu gamalt uppgert kirkjuorgel. Uppl. í s. 690 8083

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Nuddtilboð. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 855 3199

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herbergi til leigu í miðbænum. Uppl. í s. 661 5219.

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VANTAR VANA MENN Á DEKKJAVERKSTÆÐI DEKKVERK. NOKKRAR STÖÐUR LAUSAR.**
1. Verkamaður á gólfi.

2. Sölumaður í afgreiðslu.

3. Sumarstarfsmenn í törn tímabundna vinnu.

Góð laun í boði fyrir hraða og góða menn. Möguleikar á stöðuhækkun og framtíðarstarfi fyrir klára menn. Vinnutími 10-19
**Upplýsingar í síma 578-7474 Einar Björgvin, eða koma á staðinn**

## Atvinna óskast

Trésmiður um sextugt óskar eftir innivinnu. Margt kemur til greina. Uppl. í síma 8488707




# OPIÐ HÚS



## Bakkasmári 15
201 Kópavogur
**miðvikudaginn 27.04 frá kl. 18-18:30**



Nánari upplýsingar veitir
**Hilmar Jónasson**
**sími:** 695 9500
hilmar@miklaborg.is

Glæsilegt parhús með innbyggðum bílskúr
6 herbergja, 4 svefnherbergi og 2 stofur
Stærð 182,7 fm.
Frágengin lóð með pöllum, heitur pottur
Frábær staðsetning



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **67,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Sérfræðingur í markaðssetningu á netinu

ICEWEAR er leiðandi fyrirtæki sem framleiðir útivistarfatnað, allt frá ullarpeysum til hátæknilegra dúnúlpna. Við erum að leita að öflugum einstaklingi til þess að taka þátt í frekari uppbyggingu og vexti á netdeild ICEWEAR.

**Sem sérfræðingur í netdeild fellur inn á þitt verksvið:**
- Umsjón yfir markaðssetningu okkar í gegnum Facebook Adverts, Google AdWords, Amazon Sponsored Products, Mailchimp o.fl.
- Greining tækifæra í leitarvélabestun og content marketing
- Greiningar á sölu, auglýsingaherferðum og vefsíðu okkar með hjálp Google Analytics, Navison og Excel
- Skipulagning vaxtar á fleiri mörkuðum
- Vera tengiliður í samskiptum við vefstofur, hýsingaraðila, hönnuði, þýðendur og aðra verktaka

**Við leitum að einstakling sem:**
- Hefur reynslu af netmarkaðssetningu
- Er talnaglöggur og klár á Excel
- Hefur góða tölvukunnáttu
- Er með kunnáttu í HTML, CSS & FTP
- hefur reynslu af Facebook Ads, Google Ads & Mailchimp
- Er fljótur að tileinka sér ný kerfi
- Er vandvirkur og hefur öguð vinnubrögð
- Er með háskólapróf sem nýtist í starfi

**Við bjóðum upp á:**
- Spennandi starf á hröðum vinnustað
- Mikil tækifæri til að vaxa í starfi
- Sanngjörn laun

Starfið er laust strax. Áhugasamir sendi ferilskrá ásamt mynd á atvinna@icewear.is
Umsóknarfrestur rennur út 9. maí.

ICEWEAR ICELAND

# (Ástæðuríkur) ótti við fólk á flótta?



**Atli Viðar Thorstensen**
sviðsstjóri hjálpar-og mannúðarsviðs Rauða krossins á Íslandi



Þegar farið er yfir hælisumsóknir fólks á flótta skiptir hugtakið „ástæðuríkur ótti“ meginmáli. Stjórnvöld meta þá hvort fólk hafi orðið fyrir t.d. ofsóknum og pyndingum eða þurfi raunverulega að óttast slíkt sé það sent til baka til heimalands síns. Hvort það sé raunveruleg ástæða til að óttast.

Á Íslandi hefur fólki í leit að alþjóðlegri vernd fjölgað undanfarin ár. Skýringin er meðal annars sú að hingað hafa sárafáir leitað hælis sögulega séð. Í ár er útlit fyrir að umsækjendur um vernd verði á bilinu 600 til 800 manns. Sem er ekki mikill fjöldi. Samt sem áður heyrast áhyggjur af því að yfir landið flæði flóttafólk sem annað hvort ætli að stela allri atvinnu af „okkur“ eða að allir fari á félagslegar bætur.

Sannleikurinn er sá að fólk á flótta er venjulegt fólk sem vill venjulegt og friðsamlegt líf. Fólk eins og ég og þú sem ýmist stundar atvinnu, nám eða er í atvinnuleit. Þannig háttar til um langflest fólk á flótta sem hingað leitar. Gleymum því ekki.

Margt af því flóttafólki sem hingað leitar hefur góða menntun og/eða mikilvæga reynslu sem nýtist íslensku atvinnulífi og samfélagi. Hagkvæmast er fyrir okkur sem samfélag að fjárfesta í nýjum borgurum með íslenskunámi og stuðningi við að læra inn á samfélagið. Sá stuðningur mun skila sér margfalt til baka í betra og öflugra samfélagi. Það er ekki ósvipað því sem við gerum með menntun barna okkar. Um slíka fjárfestingu þarf ekki, og á ekki, að efast.

Ótti við flóttafólk er *ekki* ástæðuríkur. Það er *engin* raunveruleg ástæða til að óttast það fáa flóttafólk sem hingað kemur. Í ofanálag bendir til þess að draga muni úr þeim litla fjölda sem hingað leitar í skjól vegna ofsókna og stríðsátaka á næstu mánuðum. Sú þróun er nú þegar hafin á Norðurlöndunum.

# Framtíð útflutningsþjónustu



**Lilja Alfreðsdóttir**
utanríkisráðherra

Nýlega kynnti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lokayfirlýsingu sína um stöðu og horfur á Íslandi þar sem segir að ótvíræður árangur hafi náðst í efnahagslífinu hér á landi. Það hefur verið tekið á stóru málunum af festu og það er góður gangur í efnahagslífinu og fyrir utan helstu stoðir atvinnulífsins á Íslandi þá liggur hér til grundvallar sú mikla fjölgun ferðamanna sem við höfum séð á undanförnum árum. Þetta styður við hagvöxtinn og skapar gjaldeyristekjur. Útflutningsverðmæti sjávarafurða námu um 265 milljörðum króna á síðasta ári, sem var eitt af betri árum í sögu íslensks sjávarútvegs, og það þrátt fyrir viðsjár á mikilvægum mörkuðum og áskoranir þeim tengdar. Í þessu ljósi ber að hrósa íslenskum sjávarútvegi fyrir hve vel honum hefur tekist að laga sig að breyttum aðstæðum.

Sem opið og útflutningsdrifið markaðshagkerfi er Ísland oftar en ekki háð þróun mála á alþjóðavettvangi og pólitískum aðstæðum í viðskiptaríkjum okkar. Það er ljóst að stjórnvöld og atvinnulíf þurfa

**Á nýafstöðnum ársfundi Íslandsstofu kallaði ég því eftir því að stjórnvöld og atvinnulífið taki höndum saman við að efla vöxt gjaldeyristekna Íslands til muna næstu 15 árin.**

að vera samhent í viðbrögðum og undirbúningi og reyna að sjá til framtíðar þannig að við höfum úr sem flestum körfum að velja fyrir eggin okkar. Á nýafstöðnum ársfundi Íslandsstofu kallaði ég því eftir því að stjórnvöld og atvinnulífið taki höndum saman við að efla vöxt gjaldeyristekna Íslands til muna næstu 15 árin.

Með stofnun Íslandsstofu árið 2010 voru tekin mikilvæg skref til að koma til móts við hugmyndir um aukið samstarf opinberra aðila og atvinnulífsins, markvissari nýtingu fjármuna, aukna samhæfingu og öflugri þjónustu erlendis. Nú er komin reynsla á starfsemina og mörg afar jákvæð verkefni hafa litið dagsins ljós og ber að þakka ötulu starfsfólki Íslandsstofu fyrir eljusemina.

**Efla þarf starfsemina**

Ég vil efla þessa starfsemi enn frekar og gera hana eftirsóknarverða fyrir alla íslenska útflytjendur og verður áhersla lögð á þrennt. Í fyrsta lagi þarf að styrkja langtímastefnumótun sem byggir á breiðu samráði, pólitískri skuldbindingu, gagnsæi og skýrleika í fjármögnun.

Í öðru lagi er lagt til að sett verði á laggirnar útflutnings- og markaðsráð sem myndi bera ábyrgð á langtímastefnunni og er hér horft til þess skipulags sem hefur verið um árabil með vísinda- og tækniráði, en í því sitja nokkrir ráðherrar og fulltrúar hagsmunaaðila.

Í þriðja lagi þurfum við fastari mælikvarða til að geta greint hvort okkur er að takast það sem við leggjum upp með í okkar stefnumótun. Þá þarf Íslandsstofa að fá skýrleika í sitt rekstrarform og síðast en ekki síst er afar mikilvægt að samþætta betur starfsemi Íslandsstofu og utanríkisþjónustunnar og styrkja þannig enn frekar þjónustuna við viðskiptalífið sem afar mikilvægt er að hlúa að.

Til að hrinda framangreindum aðgerðum í framkvæmd horfi ég til þess að á næstunni munum við skipa nýja stjórn Íslandsstofu sem ég tel að eigi að taka það sem sitt meginhlutverk að hrinda þessum tillögum í framkvæmd og eftir atvikum gera þær breytingar í fyrirkomulagi og starfi sem til þarf í þessu skyni og styrkja enn frekar það öfluga starf sem unnið er innan veggja Íslandsstofu og úti á mörkuðum.




Nýr Volkswagen Transporter

**Byggir á traustum grunni**

Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnuþjarki að halda sem leysir krefjandi og fjölbreytt verkefni. Hann er framhjóladrifinn með fullkominni stöðugleikastýringu og spólvörn en er einnig í boði með fjórhjóladrifi og sjö þrepa sjálfskiptingu.

INTERNATIONAL VAN OF THE YEAR

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

**Atvinnubílar**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




## Valur – 5. sæti

**SPÁ ÍÞRÓTTADEILDAR 365**

| | | |
|---|---|---|
| 1. sæti ? | 5. Valur | 9. ÍBV |
| 2. sæti ? | 6. Víkingur | 10. ÍA |
| 3. sæti ? | 7. Fylkir | 11. Víkingur Ólafsvík |
| 4. sæti ? | 8. Fjölnir | 12. Þróttur |

**GENGI FYLKISMANNA UNDANFARIN SEX SUMUR**

| 2010 A-deild | 2011 A-deild | 2012 A-deild | 2013 A-deild | 2014 A-deild | 2015 A-deild |
|---|---|---|---|---|---|
| 7↑ | 5↑ | 8↓ | 5↑ | 5- | 5- |

**STÆRSTA NAFNIÐ SEM KOM**
Guðjón Pétur Lýðsson
Sparkviss miðjumaður sem spilaði vel fyrir Blika í fyrra.

**STÆRSTA NAFNIÐ SEM FÓR**
Patrick Pedersen
Markahæsti leikmaður síðasta tímabils fór til Noregs.

**ÞJÁLFARI** Ólafur Jóhannesson
Byrjaði frábærlega á fyrsta tímabilinu hjá Val og varð bikarmeistari. Hefur tekið til í herbúðum Vals og sér fram á bjarta framtíð.

**Í BESTA/VERSTA FALLI**

| 12 | 11 | 10 | 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 4 | 3 | 2 | 1 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

Valsliðið er vel mannað og minni leikmannavelta hefur verið en áður. Gangi allt upp getur liðið barist við bestu lið deildarinnar.

➜ **Guðjón Pétur Lýðsson átti frábært sumar með Breiðabliki í fyrra og átti stóran þátt í því að liðið náði silfrinu. Guðjón er að koma til Vals í annað sinn og þyrstir í að vinna titla á Hlíðarenda.**

**Nánar á Vísi**

# Margt sem má læra af Íslandi

**Íslandsvinurinn David Moyes, fyrrverandi knattspyrnustjóri Everton og Manchester United, verður á meðal fyrirlesara á risastórri ráðstefnu í Hörpu í maí. Hann er hrifinn af framþróun Íslands í fótboltanum.**

Tómas Þór Þórðarson
tomas@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** David Moyes, fyrrverandi knattspyrnustjóri Everton og Manchester United, var hér á landi um síðustu helgi með fjölskyldu sinni en þessir miklu Íslandsvinir fögnuðu áttræðisafmæli föður hans, Davids Moyes eldri, á Íslandi.

Moyes verður á meðal fyrirlesara á risastórri og alþjóðlegri ráðstefnu í Hörpu 11. maí sem nefnist á ensku Business and football. Yfir daginn verður fjallað um hvað atvinnulífið getur lært af fótboltanum undir heitinu Að skapa vinningslið.



### Sterk taug til Íslands

„Ramón Calderón, fyrrverandi forseti Real Madrid, bað mig um að taka þátt í þessari ráðstefnu þegar ég hitti hann í Katar. Ég skildi ekki alveg hvaða tengingu hann hefur við Ísland en ég og fjölskylda mín höfum auðvitað sterka tengingu við Ísland. Því var ekkert annað í boði en að segja já,“ segir David Moyes, en hann gaf sér smástund til að ræða við blaðamann á hóteli vestur í bæ um helgina.

„Ég hef ekki tekið þátt í svona viðskipta- og fótboltaráðstefnu áður en þessir tveir hlutir haldast alltaf meira og meira í hendur, sérstaklega á Englandi þar sem peningarnir eru svo miklir í boltanum. Ég geri mikið af því að ferðast og tala á ráðstefnum og halda fyrirlestra, sérstaklega fyrir þjálfara, en þetta er nýtt fyrir mér. En þó spennandi,“ segir Moyes.

### Þróun, ekki umbylting

Á ráðstefnunni sjálfri verður Moyes í pallborði ásamt enska knattspyrnugoðinu Kevin Keegan og þeim Andra Þór Guðmundssyni, forstjóra Ölgerðarinnar, og Höllu Tómasdóttur, stofnanda Auðar Capital, þar sem þau ræða hvernig eigi að byggja lið frá grunni. Það þekkir Moyes vel frá rúmum áratug sem stjóri Everton.

> Svona á að gera hlutina þegar byggt er til framtíðar. Það er alveg frábært að Ísland verður með á Evrópumótinu.
>
> David Moyes, fyrrv. stjóri Man. United

> David Moyes er ein fjölmargra stjarna úr fótboltaheiminum sem verður á meðal fyrirlesara á ráðstefnunni Business and football í Hörpu 11. maí.

„Það var erfitt en nú hefur liðið verið meira og minna í efri hluta deildarinnar undanfarin ár. Þegar maður er að endurbyggja má ekki gera hlutina í of stórum skrefum heldur eru þetta litlir hlutir og smá framþróun í einu. Vonandi getur eitthvað af því sem ég segi hjálpað einhverjum, kannski þjálfurunum,“ segir Moyes sem upplifði síðar að stýra Manchester United.

„Það er auðvitað allt öðruvísi því Manchester United getur fengið alla leikmenn heims. Það er allt annar veruleiki en ég var í hjá Everton þar sem ég hafði minna á milli handanna. Þar þurftum við að búa til söluvörur inni á vellinum. Þannig hlutir taka tíma en bæði Manchester United og Everton þurftu þróunarferli en ekki umbyltingu.“

### Ætlar að sjá Ísland spila

Moyes er meira en lítið hrifinn af uppbyggingu íslenska fótboltans undanfarinn áratug eða svo og segir það hreint ótrúlegt að íslenska landsliðið verði á meðal keppenda á Evrópumótinu í Frakklandi í sumar.

„Þetta er eitthvað sem þarf að gerast og hefur gerst í litlum skrefum. Þegar ég keyrði inn í Reykjavík frá flugvellinum sá ég fótboltahallirnar og nýju aðstæðurnar. Ég sá hvernig Ísland er smám saman búið að byggja upp sínar grunnstoðir. Fyrir 20 árum þegar ég var að koma hingað var bara hægt að spila fótbolta utandyra nokkra mánuði á ári,“ segir Moyes og bendir á að aðrir megi líta til minnstu þjóðarinnar sem komist hefur á EM.

„Ísland hefur tekið miklum framförum og það er margt sem allir geta lært af Íslandi. Svona á að gera hlutina þegar byggt er til framtíðar. Það er alveg frábært að Ísland verður á EM,“ segir Moyes en heldur hann með Íslandi í sumar þar sem Skotar komust ekki til Frakklands?

„Já, ég verð aðeins að vinna fyrir UEFA á EM og vonast til að sjá Ísland spila einn leik í París. En við Skotar erum byrjaðir að undirbúa okkur fyrir HM,“ segir David Moyes hlæjandi að lokum. **tomas@365.is**

## Nýjast

**Domino's-deild karla, lokaúrslit**

**KR - Haukar 77-79**
KR: Brynjar Þór Björnsson 25, Michael Craion 23/15 fráköst, Helgi Már Magnússon 12/12 fráköst, Darri Hilmarsson 7/5 fráköst, Pavel Ermolinskij 4/7 fráköst/9 stoðsendingar, Snorri Hrafnkelsson 3, Björn Kristjánsson 3/4 fráköst
Haukar: Brandon Mobley 23/12 fráköst, Emil Barja 16/8 fráköst/10 stoðsendingar, Finnur Atli Magnússon 13/9 fráköst, Kristinn Marinósson 9/8 fráköst, Hjálmar Stefánsson 5, Kristinn Jónasson 5/8 fráköst, Haukur Óskarsson 4, Guðni Heiðar Valentínusson 4/4 fráköst.

Haukar minnkuðu muninn í 2-1. Liðin mætast í fjórða sinn á Ásvöllum á fimmtudaginn.

> Frábær skemmtun, Haukar klóra frá sér og opna seríuna. #meirikarfa #dominos365
>
> Teitur Örlygsson
> @teitur11

**Olís-deild karla, undanúrslit**

**ÍBV - Haukar 33-34**
Markahæstir: Theodór Sigurbjörnsson 8/6, Agnar Smári Jónsson 7, Einar Sverrisson 7 - Hákon Daði Styrmisson 12/5, Janus Daði Smárason 7, Adam Haukur Baumruk 5.

Tvær framlengingar þurfti til að knýja fram úrslit í Eyjum. Haukar leiða einvígið 2-0.

**Afturelding - Valur 23-26**
Markahæstir: Pétur Júníusson 5, Jóhann Gunnar Einarsson 4/1 - Geir Guðmundsson 9, Sveinn Aron Sveinsson 8/2, Guðmundur Hólmar Helgason 4/1.

Þrjú rauð spjöld fóru á loft í Mosfellsbænum þegar Valsmenn jöfnuðu metin í 1-1.

**Meistarakeppni KSÍ**

**FH - Valur 3-3 (1-4 í vító)**
1-0 Sam Hewson (2.), 1-1 Kristinn Freyr Sigurðsson, víti (17.), 1-2 Sigurður Egill Lárusson (21.), 2-2 Atli Guðnason (60.), 3-2 Atli G (81.), 3-3 Guðjón Pétur Lýðsson (90.).

### ÚRSLITIN RÁÐAST Á ÁSVÖLLUM



Haukar og Snæfell mætast í oddaleik um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta kvenna á Ásvöllum í kvöld. Staðan í einvíginu er 2-2 eftir að Snæfellingar jöfnuðu metin með öruggum sigri, 75-55, í fjórða leiknum á sunnudaginn. Liðin hafa mæst átta sinnum í vetur og unnið fjóra leiki hvort en allir átta leikirnir hafa unnist á heimavelli. Snæfell er Íslandsmeistari síðustu tveggja ára og getur bætt þriðja titlinum í safnið með sigri í kvöld. Haukar unnu síðasta leik á Ásvöllum, 82-74, þar sem Helena Sverrisdóttir fór hamförum og skoraði 45 stig. Vörn Snæfells hélt henni hins vegar í 19 stigum í síðasta leik og þarf að endurtaka leikinn í kvöld.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | Man City - Real Madrid | Sport |
| 19.00 | Haukar - Snæfell | Sport 2 |
| 20.45 | Meistaradeildarmörk | Sport |
| 19.15 | Fjölnir - Skallagrímur | Dalhús |
| 19.30 | Selfoss - Fjölnir | Selfoss |

## Vinnuvélar

Eigum til afgreiðslu strax nokkra bíla á tilboðsverði!




Verð kr.
**990.000,-**
(takmarkað magn)

Club Car

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

## Vinnuvélar

**Nú er tíminn!**
Eigum golfbíla til afgreiðslu strax!



Fást bæði götuskráðir og ógötuskráðir.

Club Car

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is



## Bátur til sölu

Glænýr Blue Spirit gúmmíbátur, aldrei snert saltan sjó. Bátur með harðri skel. Ekki hægt að velta honum.

- 4,3 m. langur
- 25 hestafla nýr Mercury mótor

Nánar í síma 893 0170

## HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Fagrakinn 12 – Hafnarfjörður - Einbýli

**Opið hús í dag, 26. apríl milli kl. 17 - 17:30**




Hraunhamar fasteignasala kynnir mjög fallegt mikið endurnýjað tvílyft einbýlishús með kjallara undir að hluta til og bílskúr við Fögrukinn 12 í Hafnarfirði . Húsið er 153,2 fermetrar í góðu ástandi og skiptist í forstofu, hol, stofu, borðstofu, sjónvarpsherbergi, eldhús og snyrtingu. Í risi eru þrjú herbergi, baðherbergi og geymsla. Í kjallara er þvottahús og gott herbergi. Fallegar innréttingar og gólfefni. **Verð 56 millj.**

### Blómvangur - Hafnarfjörður - Sérhæð



Hraunhamar fasteignasala kynnir mjög góða mikið endurnýjaða efri hæð í tvíbýli 157,3 fermetrar þar af er bílskúr 26 fermetrar vel staðsett við Blómvang 2. Eignin er mjög vel staðsett í norðurbæ Hafnarfjarðar í nálægð við skóla, leikskóla og alla þjónustu.
Eignin skiptist í forstofu, pall, hol,gestasnyrtingu, stofu,borðstofu,eldhús með þvottahúsi inn af, gang ,þrjú barnaherbergi, hjónaherbergi, baðherbergi, geymsla og bílskúr með geymslu inn af. **Verð 44,9 millj.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

## FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Kópavogsbraut 85 – Kópavogi

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Afar vel skipulögð 47,2 fm. íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi við Kópavogsbraut. Stór hellulögð afgirt verönd. Nýlegt eldhús. Rúmgott alrými/stofa með stórum gluggum til suðurs. Eingöngu sex íbúðir í húsinu. **Verð 22,6 millj. Verið velkomin.**

## OPIÐ HÚS



## Bakkasmári 15

201 Kópavogur

**miðvikudaginn 27.04 frá kl. 18-18:30**



Nánari upplýsingar veitir
**Hilmar Jónasson**
**sími:** 695 9500
hilmar@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Glæsilegt parhús með innbyggðum bílskúr
6 herbergja, 4 svefnherbergi og 2 stofur
Stærð 182,7 fm.
Frágengin lóð með pöllum, heitur pottur
Frábær staðsetning

Verð: **67,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
